



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 11/2006

**Kvörtun Bræðranna Ormsson ehf. og Íslandslyfta ehf. yfir óréttmætum viðskiptaháttum Orms lyfta ehf. og Þorsteins Björnssonar**

**I.**

**Erindið**

Með erindi, dags. 23. mars 2005, til Samkeppnisstofnunar kvartar Þórður Ólafur Þórðarson hdl., f.h. Bræðranna Ormsson ehf. og Íslandslyfta ehf., yfir óréttmætum viðskiptaháttum Orms lyfta ehf. og Þorsteins Björnssonar. Þess er krafist að Orms lyftum og Þorsteini verði bannað að hagnýta sér trúnaðarupplýsingar úr rekstri Bræðranna Ormsson og Íslandslyfta og nýta firmanafnið Orms lyftur við markaðssetningu þjónustu sinnar við lyftur og tengdan búnað. Einnig er farið fram á að lagt verði fyrir varnaraðila að hætta þegar í stað dreifingu ódagsetts bréfs til viðskiptavina kvartenda og að dagsektir verði lagðar á Orms lyftur og Þorstein þar til dreifingu verði hætt og þess krafist að viðurlögum verði beitt skv. XIII. kafla samkeppnislaga nr. 8/1993 (nú V. kafla laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins).

Í erindinu segir að Bræðurnir Ormsson hafi rekið lyftudeild, sem hafi annast uppsetningu og viðhald á búnaði sem þeir hafi selt. Gerðir hafi verið þjónustusamningar við eigendur lyfta þar sem sinnt hafi verið fyrirbyggjandi viðhaldi og viðgerðavinnu fyrir ákveðna mánaðarlega þóknun. Ákveðið hafi verið að skilja rekstur lyftudeildar fyrirtækisins frá daglegum rekstri og hún hafi verið seld Íslandslyftum þann 5. janúar 2005. Seldar voru allar eignir, starfsemi og rekstur lyftudeildar, allir samningar sem Bræðurnir Ormsson höfðu gert við eigendur lyfta og rúllustiga um viðhald og þjónustu búnaðarins og aðrir samningar við eigendur lyfta sem voru í föstum viðskiptum við Bræðurna Ormsson. Einnig hafi fylgt með í kaupunum öll viðskiptavild, sem tengdist rekstri lyftudeildar Bræðranna Ormsson.

Þorsteinn, deildarstjóri lyftudeildar Bræðranna Ormsson, hafi sætt sig illa við breytingarnar og látið af störfum. Hann hafi stofnað fyrirtækið Orms lyftur í febrúar 2005 og tilgangur þess sé lyftuþjónusta, sala á lyftum, lyftubúnaði og tengdum hlutum. Þorsteinn hafi sett sig í samband við viðskiptavini lyftudeildarinnar í því skyni að reyna að fá þá í viðskipti við Orms lyftur og hann hafi sent þeim bréf sem hafi falið í sér auglýsingu í skilningi VI. kafla samkeppnislaga nr. 8/1993 (nú II. kafla laga nr. 57/2005). Í bréfinu sé að finna ýmsar fullyrðingar og upplýsingar sem felí í



sér alvarleg brot gegn VI. kafla samkeppnislaga nr. 8/1993 (nú II. kafla laga nr. 57/2005).

Þar segir að ákvörðun stjórnenda Bræðranna Ormsson um að selja rekstur lyftudeildar fyrirtækisins hafi falið í sér einhvers konar svik á lofordum um það hvernig rekstrinum yrði háttað í framtíðinni. Telja Bræðurnir Ormsson að órökstuddar fullyrðingar um þessi efni feli í sér rógburð og afar alvarlega og ósmekklega tilraun til að gera tortryggilega þá sjálfsögðu og eðlilegu ráðstöfun í rekstri hvers fyrirtækis að skilgreina þá starfsemi sem leggja skuli áherslu á í rekstri þess. Fullyrðingarnar séu til þess fallnar og til þess ætlaðar að rýra traust viðskiptavina og almennings á þeirri þjónustu sem fyrirtækið veiti og á heiðarleika stjórnenda þess. Því sé um að ræða skýlaust brot gegn 20. gr. og 2. mgr. 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 (nú 5. gr. og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005) og skv. e-lið 2. mgr. 20. gr. (nú e-lið 2. mgr. 7. gr. laga nr. 57/2005) sé háttsemi af þessum toga beinlínis bönnuð.

Í bréfinu segir einnig að hegðun Íslandslyfta í tengslum við kaupin hafi verið slík að enginn starfsmanna hinnar seldu lyftudeildar geti hugsað sér að starfa hjá fyrirtækinu. Ekki sé gerð nein tilraun í bréfinu af hálfu Orms lyfta að gera grein fyrir eða sanna þessa hegðun né útskýra hvaða þýðingu þessar fullyrðingar hafi varðandi þjónustu Orms lyfta. Íslandslyftur telja að fullyrðingarnar feli að þessu leyti í sér dylgjur sem séu algerlega úr lausu lofti gripnar og einungis og beinlínis til þess fallnar að varpa rýrð á fyrirtækið og stjórnendur þess til hagsbóta fyrir Orms lyftur. Í umræddum fullyrðingum felist alvarlegt brot gegn 20. gr. og 2. mgr. 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 (nú 5. gr. og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005) og þeirri meginreglu sem felist í e-lið 2. mgr. 20. gr. (nú e-lið 2. mgr. 7. gr. laga nr. 57/2005).

Tilvísun í bréfinu til áratuga þjónustu Bræðranna Ormsson á sviði lyfta og tenging við störf Þorsteins í þágu þess fyrirtækis feli í sér alvarlega, ósanngjarna og heimildarlausa hagnýtingu á viðskiptavild og orðstír Bræðranna Ormsson. Á það er bent að viðskiptavild af þessum toga hefur mikið sjálfstætt fjárhagslegt gildi, eins og sala viðskiptavildarinnar til Íslandslyfta ásamt rekstri lyftudeildarinnar beri vott um. Í háttseminni felist því brot gegn ákvæðum 20. og 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 (nú 5. gr. og 6. gr. laga nr. 57/2005) því óheimilt sé að reyna með villandi hætti að tengja viðskiptavildina rekstri Orms lyfta.

Orms lyftum sé óheimilt að nýta firmanafnið Orms lyftur um þá starfsemi sem þeir hyggist hafa með höndum af því að það heiti sé til þess fallið að gefa með óréttmætum hætti til kynna að rekstur fyrirtækisins tengist rekstri Bræðranna Ormsson eða þeirri þjónustu sem þeir hafi boðið upp á enda sé Orms lyftum ætlað að starfa á sama starfssviði. Nafngift þessi sé tilraun til þess að reyna með óréttmætum hætti að hagnýta sér viðskiptavild lyftudeildar Bræðranna Ormsson í fjárhagslegum tilgangi, með því að gefa ranglega til kynna að rekstur hennar fari nú fram hjá Orms lyftum.



Þessi háttsemi brjóti gegn 20. og 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 (nú 5. og 12. gr. laga nr. 57/2005).

Tekið er fram að með útsendingu umrædds bréfs hafi verið brotið gegn 27. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 (nú 13. gr. laga nr. 57/2005) sem leggi bann við óréttmætri hagnýtingu atvinnuleyndarmála. Augljóst sé af texta bréfsins og því til hverra það var sent að Orms lyftur og Þorsteinn hafi undir höndum heildstæðar upplýsingar um það hverjir viðskiptavinir lyftudeildarinnar séu og á hvaða grunni verðlagning þjónustu til þeirra byggðist auk þess hvaða arðsemiskröfur séu gerðar til hennar. Þessar upplýsingar teljist til viðskiptaleyndarmála Bræðranna Ormsson, sem framseld hafi verið til Íslandslyfta og á það er sérstaklega bent að Þorsteinn hafi haft aðgang að upplýsingunum í starfi sínu sem deildarstjóri lyftudeildar Bræðranna Ormsson. Hagnýting hans á upplýsingunum í rekstri Orms lyfta sé honum og fyrirtækinu óheimil sbr. 3. og 4. mgr. 27. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 (nú 3. og 4. mgr. 13. gr. laga nr. 57/2005).

Að lokum kemur fram að Bræðurnir Ormsson og Íslandslyftur hafi beðið tjón vegna háttsemi Orms lyfta og Þorsteins af því að viðskiptavinir lyftudeildar Bræðranna Ormsson hafi umvörpum sagt upp þjónustusamningum sínum við hana í kjölfar útsendingar bréfs Orms lyfta. Það geri Íslandslyftum reksturinn erfiðari og leiði til lækunar á kaupverði fyrir deildina. Því sé þess krafist að ákvæðum XIII. kafla samkeppnislaga nr. 8/1993 (nú V. kafla laga nr. 57/2005) verði beitt gegn Orms lyftum og Þorsteini vegna ofangreindra brota þeirra á bannreglum laganna.

## II.

### Málsmeðferð

#### 1.

Með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 23. mars 2005, var erindi Bræðranna Ormsson og Íslandslyfta sent Orms lyftum og Þorsteini til umsagnar. Svar barst frá Halldóri Þ. Birgissyni hrl., f.h. Þorsteins/Orms lyfta, dags. 5. apríl 2005.

Í svarinu er rakið að Þorsteinn sé niðji Eiríks Ormssonar, sem stofnaði Bræðurna Ormsson og hann hafi unnið þar lengi sem sérfræðingur í lyftum og lyftubúnaði. Lyftudeild Bræðranna Ormsson hafi verið seld til fyrrverandi starfsmanns fyrirtækisins sem hafði hætt og stofnað Íslandslyftur sem starfaði í samkeppni við Bræðurna Ormsson. Þorsteini hafi verið sem eiganda hlutafjár og starfsmanni tjáð við sölu hlutafjár í Bræðrunum Ormsson að til stæði að halda öllum rekstri óbreyttum a.m.k. næsta árið en fljótlega hafi legið fyrir að gerðar yrðu verulegar breytingar á starfsemi. Taldi Þorsteinn þá að ekki hefði verið staðið við þau loforð sem starfsmönnum voru gefin og ákvað að hætta störfum og stofna einkahlutafélag og



sinna áfram lyftuþjónustu í samræmi við þekkingu og kunnáttu sína. Nafn fyrirtækisins hafi verið valið í minningu Eiríks Ormssonar og þá einnig Orms langafa Þorsteins.

Fram kemur að bréfi Orms lyfta hafi verið dreift í takmörkuðu magni en dreifingu bréfsins hafi verið hætt um leið og þeim barst erindi Samkeppnisstofnunar. Því verði ekki dreift frekar enda fallist á að það hefði mátt orða bréfið á annan hátt en þó sé rétt með farið að enginn af starfsmönnum lyftudeildarinnar hafi starfað hjá Íslandslyftum eftir sölu deildarinnar. Því sé hins vegar hafnað að bréfið eða málið sjálft sé af þeim toga að eðlilegt geti verið að beita einhverjum viðurlögum samkvæmt lögum. Þá er mótmælt að stofnun eða starfsemi Orms lyfta sé brot á lögvernduðum hagsmunum Bræðranna Ormsson eða Íslandslyfta.

Því sé alfarið mótmælt að réttarbrot geti falist í því að Þorsteinn sem einstaklingur eða sem starfsmaður Orms lyfta vinni við lyftuþjónustu. Um eðlilega nýtingu hans á aflahæfi sé að ræða í starfi sem hann hafi menntað sig til og unnið við og hún verði ekki takmörkuð að lögum 57/2005 eða samningalögum né geti hún talist brot á viðskiptavild enda verði það ekki leitt af lagaákvæðum né hafi Þorsteinn undirgengist takmörkunina með samningi.

Ákvæði 13. gr. laga nr. 57/2005 verði að túlka með hliðsjón af ákvæði 37. gr. samningalaga nr. 7/1936 og þeim meginsjónarmiðum sem gildi um að hvaða marki takmarka megji nýtingu manna á aflahæfi sínu. Auk þess sé aflahæfið varið af atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar. Þorsteinn sé menntaður rafvirki og með ákveðna sérþekkingu vegna starfsreynslu sinnar og hann megji nota þekkingu sína til framfærslu hvað sem líði mögulegum hagsmunum annarra, jafnvel þó það kunni að vera í samkeppni við fyrri vinnuveitanda. Ekki verði talið að um sé að ræða brot gegn ákvæðinu um bann við nýtingu atvinnuleyndarmála þar sem slíkt sé í eðli sínu alltof almenn túlkun á ákvæðum greinarinnar.

Því sé alfarið hafnað að vinna hans í framtíðinni geti takmarkast vegna hagsmuna Bræðranna Ormsson og Íslandslyfta. Kjósi fyrrverandi viðskiptavinir Bræðranna Ormsson að segja upp viðskiptum og skipta við Orms lyftur þá sé ekkert við því að segja og þeim sé það frjálst enda sé tilgangur laga nr. 57/2005 sá að tryggja að Þorsteinn geti starfað í eðlilegri samkeppni við fyrrverandi vinnuveitanda sinn sem aðra í stað þess að krafist sé óeðlilegra takmarkana á vinnu hans.

Þá sé því alfarið hafnað að breyta nafni eða láta af nafni félagsins Orms lyftur. Heitið sé ólíkt nafninu Ormsson og sé samsett úr mannanafninu Ormur og heitinu lyftur, sem séu almenn orð og algeng og þau séu notuð víða í atvinnurekstri. Bræðurnir Ormsson eigi hvorki einkarétt að samsetta nafninu né nafninu Ormur eða heitinu lyftur. Ekki verði séð að markaðsfestusjónarmið geti leitt til einkaréttar og ekki sé ljóst að til



standi að nota nafnið Bræðurnir Ormsson þannig að ruglingshætta sé ekki til staðar. Ákvæði 12. gr. laga nr. 57/2005 sé ætlað að vernda sértæk nöfn sem öðlast hafa markaðsfestu en ekki að leggja almennt bann við notkun algengra heita í atvinnurekstri.

Varðandi uppsagnir á þjónustusamningum þá sé slíkt engum gögnum stutt og Orms lyftur og Þorsteinn hafi engar upplýsingar um slíkt. Fullyrðingar um slíkt séu taldar ýktar enda hafi starfsemi Orms lyfta og Þorsteins verið kynnt með takmörkuðum hætti. Hafnað sé sjónarmiðum um bætur á þeim grundvelli.

Að lokum er mótmælt öllum ásökunum um að Orms lyftur og Þorsteinn séu að nýta sér með óréttmætum hætti atvinnuleyndarmál. Hann hafi hvorki fjarlægt gögn né tekið með sér skjállegar upplýsingar við starfslok sín. Vegna starfsreynslu sinnar hafi hann almennar upplýsingar um hverjir nýti lyftu í starfsemi sinni og á hvaða verði þjónustan sé boðin. Honum sé heimilt að undirbjóða keppinauta sem hann kunnir að hafa gert með almennum hætti. Hann hafi hins vegar hvorki sett upp samanburð né auglýst tölur í samanburði við þau þjónustuverð sem hann þekki.

## 2.

Þórði Ólafi Þórðarsyni hdl., f.h. Bræðranna Ormsson og Íslandslyfta, var sent svar Orms lyfta og Þorsteins til umsagnar með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 6. apríl 2005. Svar Bræðranna Ormsson og Íslandslyfta er dagsett 6. maí 2005 og eru þar fyrri rök ítrekuð.

Í svarinu er bent á að Orms lyftur og Þorsteinn fallist á að orðalag bréfsins hafi verið óeðlilegt og því ekki mótmælt sem slíku að sú háttsemi sé óeðlileg að taka fram í bréfinu að ákvörðun um sölu lyftudeildar hafi falið í sér svik á lofordum og að hegðun Íslandslyfta hafi verið þannig að enginn starfsmannanna hafi getað hugsað sér að starfa hjá þeim. Svo virðist hins vegar að þeir telji ekki ástæðu til að beita viðurlagaákvæðum laga nr. 57/2005 vegna þeirrar háttsemi.

Meginhlutverk reglna laga nr. 57/2005 sé að tryggja að samkeppni á markaði lúti fyrst og fremst að verði, gæðum og notagildi þeirrar þjónustu eða vöru sem boðin sé, en fari ekki fram á ómálefnalegum eða óheildarlegum grundvelli, t.d. með því að breiða út lygar eða órökstuddar dylgjur um keppinauta og sé tilgangur 6. gr. laga nr. 57/2005 að koma í veg fyrir þess konar viðskiptaaðferðir. Þar sem varnaraðilar viðurkenni að auglýsing hans hafi verið með þessum hætti sé ástæðulaust annað en að beita viðurlagareglum laga nr. 57/2005 vegna brotsins.

Þá vilji Bræðurnir Ormsson og Íslandslyftur leiðrétta þann misskilning í svari Orms lyfta og Þorsteins að þeir séu á einhvern hátt að reyna að takmarka nýtingu Þorsteins á aflahæfi sínu eða hindra hann í því að nýta sér fagþekkingu sína með rekstri



lyftuþjónustu. Tilætlun hans að tengja viðskiptavild og þjónustu lyftudeildar Bræðranna Ormsson við persónu og störf sín í því skyni að gera lítið úr Íslandslyftum hafi ekkert með atvinnufrelsi hans eða rétt hans til að upplýsa um starfsferil sinn að gera heldur felist í henni ólögmet viðskiptaaðferð skv. 5. og 6. gr. laga nr. 57/2005. Þá sé sérstaklega mótmælt tilraunum í bréfi Orms lyfta og Þorsteins til að drepa málinu á dreif með þessum hætti og bent á að atvinnufrelsi skv. stjórnarskrá séu sett þau mörk sem leiða megi af lögum, þ.á m. af ákvæðum laga nr. 57/2005.

Þá sé áréttuð sú skoðun að nafngift Orms lyfta feli í sér óheimila viðskiptaaðferð eins og augljóst sé þegar lítið sé til annarra tilburða þeirra til að sölsa undir sig viðskiptavildina.

Þeirri fullyrðingu sé mótmælt að Þorsteinn hafi ekki hagnýtt sér atvinnuleyndarmál Bræðranna Ormsson með óréttmætum hætti. Sérstaklega sé bent á að bréfinu sé beinlínis beint til viðskiptavina Bræðranna Ormsson en ekki ótiltekið að eigendum eða umráðamönnum lyfta. Miðað sé við þau kjör sem viðskiptavinir lyftudeildar Bræðranna Ormsson nutu og Þorsteinn hafi haft vitneskju um í starfi sínu.

Að lokum er tekið fram að Þorsteinn var enn starfandi hjá Bræðrunum Ormsson þegar Orms lyftur voru stofnaðar og útsending bréfsins fór fram. Því sé fremur um það að ræða að hann hafi nýtt sér upplýsingar sem hann hafði aðgang í daglegu starfi sínu en að hann hafi haft gögn á brott með sér þegar starfi hans lauk.

Vegna áskorunar Orms lyfta og Þorsteins fylgi með yfirlit yfir þá samninga um lyftuþjónustu sem sagt hefur verið upp í kjölfar bréfsins.

### 3.

Bréf Bræðranna Ormsson og Íslandslyfta var sent Halldóri Þ. Birgissyni hrl., f.h. Orms lyfta og Þorsteins, til umsagnar með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 10. maí 2005. Svar hans er dagsett 17. apríl 2005 og eru þar fyrri rök ítrekuð.

Þar er tekið fram að Orms lyftur og Þorsteinn hafi ekki viðurkennt, með beinum eða óbeinum hætti, að brotið hafi verið gegn lögum nr. 57/2005 heldur hafi einungis verið fallist á að orðalag hafi verið óheppilegt í bréfinu. Þegar erindið hafi verið sent höfðu Orms lyftur ekki hafið starfsemi og því liggi ekkert fyrir um að bréfið hafi skaðað starfsemi Íslandslyfta á þeim tíma sem kærán var send og áður en ákveðið var að hætta dreifingu bréfsins.

Rakið er að Þorsteinn hafi lengi unnið við lyftuþjónustu og að markaðurinn sé lítill og hann hafi því sem starfsmaður Bræðranna Ormsson þekkt verðið sem gilti á markaðnum, þ.á m. verð keppinautanna. Hann hafi því ekki verið að afla upplýsinga um verð með skipulegum hætti heldur sjái viðskiptamenn um að upplýsa hvort boðið



verð sé samkeppnishæft auk þess að upplýsingar um verð fáið úr sameiginlegum þjónustuútböðum.

Ekki sé því hægt að fallast á að verð hjá Bræðrunum Ormsson hafi verið atvinnuleyndarmál sem Þorsteinn hafi misfarið með né að það feli í sér brot á samkeppnislögum að bjóða þjónustu undir verði keppinautar. Þá skipti ekki máli hvort verðið sé þekkt á þeim tíma sem tilboðið sé gefið heldur hvort staðið sé við það ef óskað er viðskipta á grundvelli tilboðsins.

Þá sé á það bent að loforð um að engar breytingar yrðu í a.m.k. ár frá sölnni hafi brostið þegar ákveðið hafi verið að selja lyftudeildina til keppinautar. Þorsteini hafi verið ætlað að fylgja við sölnuna en hann hafi hafnað því og ákveðið að vinna áfram við starf sitt í samkeppni við þá sem fyrir voru á markaðnum. Hann hafi tilkynnt Bræðrunum Ormsson um þetta og unnið út sinn uppsagnarfrest.

Tekið er fram að þegar Íslandslyftur voru stofnaðar hafi Bræðurnir Ormsson misst viðskipti til þeirra þar sem persónuleg tengsl einstaklinga eða breytingin ein og sér leiddi til þess að viðskiptamenn kusu að semja við nýjan aðila. Það sama hafi gerst núna í einhverju mæli og fyrrum viðskiptamenn séu að semja við aðra keppinauta. Fram kemur að KONE og Schildler hafi náð til sín 15 viðskiptavinum en Orms lyftur og Þorsteinn hafi samið við fjöleignarhúsið sem hann býr í og þrjá aðra aðila og því séu það í meginatriðum aðrir aðilar en hann sem hafi aflað viðskipta við sölu á lyftudeildinni.

Fallist sé á að bréfið hafi mátt orða betur en það hafi fengið mjög takmarkaða dreifingu, það hafi ekki valdið neinum skaða og notkun þess hafi verið hætt áður en Orms lyftur hófu starfsemi sína. Þá sé bréfið ekki auglýsing í skilningi 5. og/eða 6. gr. laga nr. 57/2005 og ekki hafi falist í því brot gegn þeim lagaákvæðum.

Að lokum kemur fram að þau viðskipti sem Orms lyftur og Þorsteinn hafi aflað eftir starfslok hafi byggst á persónulegum tengslum sínum. Eigi að banna að nýta slík tengsl sé verið að takmarka aflahæfi hans umfram það sem eðlilegt geti talist.

#### 4.

Með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 2. júní 2005, var málsaðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að fyrirsjáanlegar væru tafir á afgreiðslu málsins sökum mikils málafjölda í meðferð hjá stofnuninni.

Með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 30. júní 2005, var málsaðilum tilkynnt að hinn 1. júlí 2005 tækju gildi lög nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins en þau svari til VI. kafla samkeppnislaga nr. 8/1993 sem



sama dag falli úr gildi. Þá kom fram í bréfinu að Neytendastofa hefði eftirlit með lögnum og að málið flyttist til þeirrar stofnunar.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 1. nóvember 2005, til Bræðranna Ormsson og Íslandslyfta var sökum tafa á afgreiðslu málsins óskað upplýst hvort enn væru uppi óskir um að úrskurðað yrði í málinu. Með bréfi Bræðranna Ormsson og Íslandslyfta, dags. 4. nóvember 2005, var óskað eftir úrskurði í málinu. Með bréfi, dags. 7. júlí 2006, tilkynnti Neytendastofa enn um töf á afgreiðslu málsins.

### **III. Niðurstaða**

#### **1.**

Í máli þessu kvarta Bræðurnir Ormsson og Íslandslyftur yfir óréttmætum viðskiptaháttum Orms lyfta og Þorsteins Björnssonar. Við sölu lyftudeildar Bræðranna Ormsson til Íslandslyfta lét Þorsteinn af störfum sem deildarstjóri og stofnaði sitt eigið fyrirtæki, Orms lyftur, sem starfar í samkeppni við Íslandslyftur. Til þess að afla viðskipta sendu Orms lyftur viðskiptavinum lyftudeildar Bræðranna Ormsson bréf þar sem fram kemur m.a. að ákvörðun Bræðranna Ormsson hafi falið í sér svik á lofordum og að hegðun Íslandslyfta hafi verið þannig að enginn starfsmannanna hafi getað hugsað sér að starfa áfram hjá fyrirtækinu.

Bræðurnir Ormsson og Íslandslyftur telja að Orms lyftur séu að hagnýta sér viðskiptavild þeirra með því að Þorsteinn tilgreini störf sín hjá lyftudeild Bræðranna Ormsson. Einnig telja fyrirtækin að fullyrðingarnar í bréfinu séu rógburður sem varpi rýrð á þau. Því sé um að ræða brot gegn 5. gr., 2. mgr. 6. gr. og e-lið 2. mgr. 7. gr. laga nr. 57/2005. Að þeirra mati er nafngift Orms lyfta tilraun til þess að hagnýta sér viðskiptavild Bræðranna Ormsson því það gefi til kynna að tengsl séu við fyrirtækið. Telja þeir því Orms lyftum óheimilt að nýta firmaheitið, skv. 5. og 12. gr. laga nr. 57/2005. Einnig telja þeir að brotið hafi verið gegn 13. gr. laga nr. 57/2005 með því að Þorsteinn hafi nýtt sér upplýsingar úr starfi sínu sem deildarstjóri við markaðssetningu Orms lyfta.

#### **2.**

Í atvinnustarfsemi getur skipt miklu máli að ákveðnum þáttum starfseminnar sé haldið leyndum, sérstaklega þeim sem snúa að samkeppnisstöðu. Fyrirtæki eiga rétt á lögvernd þessara hagsmuna og í lögum nr. 57/2005 er að finna almennt ákvæði í 13. gr. sem stuðlar að vernd atvinnuleyndarmála. Í 13. gr. segir:





*„Óheimilt er í atvinnustarfsemi er lög þessi taka til að afla sér eða reyna að afla sér með ótilhlýðilegum hætti upplýsinga um eða umráða yfir atvinnuleyndarmálum starfseminnar.*

*Sá sem fengið hefur vitneskju um eða umráð yfir atvinnuleyndarmálum á réttmætan hátt í starfi sínu fyrir annan eða í félagi við annan, sbr. 1. mgr., má ekki án heimildar veita upplýsingar um eða hagnýta sér slík leyndarmál. Bann þetta gildir í þrjú ár frá því að starfi er lokið eða samningi slitið.*

*Þeim sem vegna starfs síns eða stöðu að öðru leyti hefur verið trúað fyrir uppdráttum, lýsingum, uppskriftum, líkönum eða þess háttar er óheimilt að hagnýta sér eða veita öðrum afnot af slíku án sérstakrar heimildar.*

*Nú hefur upplýsinga um eða umráða yfir atvinnuleyndarmáli verið aflað á þann hátt að brotið hefur verið gegn ákvæðum 1.–3. mgr. og er þá þeim sem brotlegur er eða þeim sem fengið hafa upplýsingar frá honum óheimilt að færa sér það í nyt.“*

Í greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga nr. 8/1993 kemur fram að 29. gr. laganna (nú 13. gr. laga nr. 57/2005) verndi bæði rekstrar- og viðskiptaleyndarmál. Rekstrarleyndarmál varða fremur tæknileg atriði og sem dæmi má nefna tæknilegar ráðstafanir sem nýttar eru við framleiðslu á vöru. Viðskiptaleyndarmál geta verið fólgin í t.d. sérstöku sölu- eða innkaupaskipulagi, skrám yfir viðskiptavinum, sérstakri þekkingu á viðskiptavinum og ýmsum tölfræðilegum upplýsingum. Í máli þessu er um að ræða upplýsingar um það hverjir viðskiptavinirnir séu, á hvaða grunni verðlagning þjónustu til þeirra byggðist auk þess hvaða arðsemiskröfur eru gerðar til hennar. Þessar upplýsingar falla undir hugtakið viðskiptaleyndarmál og það er því ljóst að 13. gr. laga nr. 57/2005 á við í málinu.

Til þess að atvinnuleyndarmál njóti verndar samkvæmt 13. gr. laga nr. 57/2005 verður annað hvort krafa um leynd að hafa verið látin í ljós af hálfu fyrirtækis eða það telst liggja í hlutarins eðli. Í málinu hefur ekki komið fram að Bræðurnir Ormsson hafi krafist þess af Þorsteini að hann færi með framangreindar upplýsingar úr rekstri fyrirtækisins sem atvinnuleyndarmál, hvorki munnlega né skriflega.

Þá kemur til skoðunar hvort upplýsingarnar njóti verndar vegna þess að það liggja í hlutarins eðli. Við mat á því er litið svo á að ef skynsamur maður, sem stæði í sporum viðtakanda upplýsinga, gæti séð að honum hefðu af eðlilegum ástæðum verið afhentar upplýsingar eða þekking í trúnaði, þá nægði það til þess að telja að viðtakandi upplýsinganna væri bundinn trúnaði um þær upplýsingar. Að mati Neytendastofu er það ljóst að skynsamur maður hefði vitað að þær upplýsingar sem Þorsteinn fékk í starfi sínu væru trúnaðarupplýsingar og að hann mætti ekki hagnýta þær á nokkurn hátt í samkeppni. Skilyrði þess að vernd 13. gr. verði virk eru því uppfyllt og upplýsingarnar njóta verndar sem atvinnuleyndarmál.



Bræðurnir Ormsson og Íslandslyftur benda á að viðtakendur bréfsins sem Orms lyftur sendu við markaðssetningu fyrirtækisins hafi eingöngu verið viðskiptavinir lyftudeildar Bræðranna Ormsson. Þorsteinn var enn starfsmaður lyftudeildarinnar þegar bréfið var sent og hann hafði því aðgang að upplýsingum um hverjir viðskiptavinirnir væru. Í bréfinu bjóða Orms lyftur þjónustu á sömu nótum og var hjá Bræðrunum Ormsson en taka fram að fast mánaðargjald muni verða á 10% lægra verði og að útseld vinna verði 15% ódýrari. Það er því ljóst að tilboðið miðast við kjör viðskiptavina Bræðranna Ormsson sem Þorsteinn hafði vitneskju um vegna starfs síns. Við gerð bréfsins og útsendingu þess telur Neytendastofa að Þorsteinn hafi notað trúnaðarupplýsingar Bræðranna Ormsson um viðskiptavini og verð sem hann hafði aðgang að sem starfsmaður lyftudeildar.

Með vísan til framangreinds telur Neytendastofa að Orms lyftur og Þorsteinn hafi hagnýtt sér atvinnuleyndarmál Bræðranna Ormsson í rekstri Orms lyfta. Sú notkun telst brjóta gegn ákvæði 13. gr. laga nr. 57/2005.

Orms lyftur og Þorsteinn halda því fram að verið sé að takmarka nýtingu Þorsteins á aflahæfi sínu með því að banna honum að vinna við lyftuþjónustu. Í máli Bræðranna Ormsson og Íslandslyfta kemur hins vegar fram að þeir séu ekki að reyna að koma í veg fyrir að Þorsteinn starfi áfram við lyftuþjónustu. Þar sem ekki er ágreiningur um þetta atriði verður ekki fjallað um það nánar.

### 3.

Bræðurnir Ormsson og Íslandslyftur telja bréfið vera auglýsingu og þess vegna sé um að ræða brot gegn 5. gr., 2. mgr. 6. gr. og e-lið 2. mgr. 7. gr. laga nr. 57/2005. Orms lyftur og Þorsteinn telja bréfið hins vegar ekki vera auglýsingu. Bréf Orms lyfta var sent viðskiptavininum Bræðranna Ormsson en var ekki ætlað til almennrar birtingar opinberlega fyrir neytendur. Því telur Neytendastofa að bréfið feli ekki í sér auglýsingu. Ákvæði 7. gr. laga nr. 57/2005 á því ekki við í máli þessu þar sem það gildir eingöngu um samanburðarauglýsingar. Ákvæði 6. gr. laga nr. 57/2005 er svohljóðandi:

*„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til. Auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir skulu ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála.“*



Samkvæmt ákvæðinu tekur það ekki einungis til auglýsinga heldur falla einnig undir ákvæðið rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar sem eru birtar með öðrum hætti en í auglýsingum. Neytendastofa telur þess vegna að 6. gr. laga nr. 57/2005 eigi við um bréf Orms lyfta.

Í bréfi Orms lyfta er því haldið fram að Bræðurnir Ormsson hafi svikið loforð við sölu lyftudeildar fyrirtækisins og að Íslandslyftur hafi hegðað sér þannig að enginn starfsmanna lyftudeildar Bræðranna Ormsson hafi viljað vinna hjá þeim eftir sölu. Þá kemur fram hve lengi Þorsteinn hefur starfað hjá Bræðrunum Ormsson og að hann sé í góðu sambandi við þá aðila sem sjá um tækniástoð og varahluti erlendis auk þess sem hann þekki flesta þeirra persónulega. Einnig segir að Þorsteinn telji að hann geti ráðið flesta starfsmenn Bræðranna Ormsson til baka og muni viðhalda sömu þjónustu og verið hefur undanfarin ár. Neytendastofa telur að þessar fullyrðingar Orms lyfta séu settar fram í því skyni að reyna að tengja viðskiptavild Bræðranna Ormsson við Þorstein og Orms lyftur og rýra traust viðskiptavina á Bræðrunum Ormsson og Íslandslyftum. Í 5. gr. laga nr. 57/2005 kemur fram að óheimilt er að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda.

Af m.a. 5. gr. laga nr. 57/2005 má ráða þann vilja löggjafans að í atvinnustarfsemi verði fyrirtæki að virða tiltekin siðferðisleg gildi. Fyrirtækjum er þannig uppálagt að viðhafa góða viðskiptahætti gagnvart keppinautum sínum og neytendum. Ekki hefur verið talið unnt að tilgreina fyrirfram í lögum hvað telja beri góða viðskiptahætti heldur er mat á því hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki lagt í hendur Neytendastofu og dómstóla. Sökum þessa geta stjórnendur fyrirtækja ekki vitað fyrirfram í öllum tilvikum hvort hegðun þeirra brýtur í bága við 5. gr. laga nr. 57/2005. Því er sú leið farin í samkeppnislögum að aðgerðir fyrirtækja sem taldar eru brjóta í bága við umræddar siðareglur geta ekki leitt til viðurlag heldur aðeins til þess að bann verði lagt við því að aðgerðum sé haldið áfram. Sé hins vegar bann brotið er heimilt að beita viðurlögum. Þrátt fyrir að útilokað hafi verið talið að tilgreina nákvæmlega í lögum hvað teljist óréttmætir viðskiptahættir, verður að telja að með hliðsjón af almennum siðferðislegum gildum samfélagsins, viti stjórnendur fyrirtækja í meginþorra tilvika hvað sé siðferðislega verjandi í viðskiptum og hvað ekki. Þannig má ljóst vera að viðskiptaaðferðir sem sýnilega eru óheiðarlegar, ósanngjarnar, eða villandi gagnvart keppinautum eða neytendum eru andstæðar samkeppnislögum.

Viðskiptaaðferð Orms lyfta og Þorsteins brýtur í bága við góða viðskiptahætti og er ósanngjörn gagnvart Bræðrunum Ormsson og Íslandslyftum. Neytendastofa telur að um brot sé að ræða gegn ákvæðum 5. gr. og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005.



#### 4.

Í greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga nr. 8/1993 kemur fram að í 25. gr. laganna (nú 12. gr. laga nr. 57/2005) felist almenn samkeppnisregla um vernd auðkenna og sé hún til fyllingar á vörumerkjavernd. Ákvæði 12. gr. laga nr. 57/2005 er svohljóðandi:

*„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“*

Fyrri málsliður ákvæðisins hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérköggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Samkvæmt greinargerðinni skiptir ákvæðið máli um viðbótarvernd þá sem framangreind sérkögg veiti auðkennunum og er firmanafn sérstaklega tilgreint í ákvæðinu. Þá segir í greinargerðinni að í 2. málslið 25. gr. sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti.

Samkvæmt gögnum málsins hafa Orms lyftur skráð fyrirtækið í hlutafélagaskrá undir firmanafninu Orms lyftur. Að mati Neytendastofu er réttur Orms lyfta til notkunar firmanafnsins verndaður af 2. ml. 12. gr. laga nr. 57/2005. Þá ber að líta til þess hvort notkun Orms lyfta á firmaheitinu geti leitt til þess að villst verði á því og öðru firmaheiti sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti.

Af hálfu Orms lyfta og Þorsteins er því haldið fram að nafn fyrirtækisins sé samsett úr mannanafninu Ormur og heitinu lyftur og það hafi verið valið í minningu afa og langafa Þorsteins. Einnig er bent á að um almenn orð sé að ræða sem séu algeng og notuð víða í atvinnurekstri. Neytendastofa getur ekki fallist á þessi rök Orms lyfta og fær ekki betur séð en að með nafngiftinni hafi Orms lyftur ætlað að nýta sér viðskiptavild Bræðranna Ormsson og hafa þannig áhrif á eftirspurn eftir þjónustu fyrirtækisins. Á heimasíðu Orms lyfta er að finna upplýsingar sem fram komu í bréfi því sem fyrirtækið sendi viðskiptavinum lyftudeildar Bræðranna Ormsson. Orms lyftur og Þorsteinn ákváðu að hætta dreifingu bréfsins þegar erindi Samkeppnisstofnunar barst þeim enda töldu þeir að orða hefði mátt bréfið á annan hátt. Neytendastofa telur að ummælin á heimasíðunni gefi til kynna tengsl við viðskiptavild Bræðranna Ormsson og brýtur það í bága við góða viðskiptahætti.



Ekki er fyrir hendi ruglingshætta við Bræðurna Ormsson þar sem þeir starfa ekki í samkeppni við Orms lyftur eftir sölu lyftudeildarinnar. Íslandslyftur hafa tekið við rekstri Bræðranna Ormsson á lyftuþjónustu og starfa því á sama sviði og Orms lyftur. Ekki er hætta á að ruglingur skapist milli Orms lyfta og Íslandslyfta því firmanöfnin eru ólík en hins vegar gefur heitið Orms lyftur til kynna að tengsl séu við fyrirtækið Bræðurna Ormsson. Sú hætta er fyrir hendi að neytendur telji að tengsl séu á milli Orms lyfta og Bræðranna Ormsson og að Orms lyftur séu hinir nýju eigendur lyftudeildar Bræðranna Ormsson fremur en Íslandslyftur. Að mati Neytendastofu gefur firmanafnið Orms lyftur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda og brýtur því í bága við 2. ml. 12. gr. laga nr. 57/2005.

#### IV.

#### Ákvörðunarorð:

**„Orms lyftur ehf., Ljósheimum 20, Reykjavík og Þorsteinn Björnsson, Ljósheimum 20, Reykjavík hafa með notkun trúnaðarupplýsinga úr rekstri Bræðranna Ormsson ehf., með bréfi til viðskiptavina og með notkun firmanafnsins Orms lyftur ehf. brotið gegn ákvæðum 13. gr., 5. gr., 2. mgr. 6. gr. og 2. ml. 12. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.**

**Með vísan til 2. mgr. 16. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins bannar Neytendastofa Orms lyftum ehf. að nota firmanafnið Orms lyftur.**

**Bannið tekur gildi fjórum vikum eftir birtingu ákvörðunarinnar. Verði ekki farið að banninu mun viðurlögum laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins verða beitt.“**

Neytendastofa, 12. október 2006